

Háskóli Íslands  
Þóra Ellen Þórhallsdóttir  
Askja náttúrufræðihús  
102 Reykjavík

Reykjavík, 27. júlí 2023  
UST202307-299/G.G.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi vegna rannsókna á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Þóra Ellen Þórhallsdóttir, dagsett 27. júlí 2023 um lendingarleyfi þyrlu vegna rannsókna á burnirót innan friðlands í Þjórsárverum.

Þjórsárver eru friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 870/2017. Allar athafnir sem geta raskað rústamýrarvist á svæðinu eru óheimilar. Allt rask á jarðmyndunum er óheimilt í friðlandinu, þ.m.t. áletranir hvers konar, efnistaka úr jökulgörðum o.s.frv. nema með sérstakri heimild Umhverfisstofnunar. Allar framkvæmdir, svo sem jarðrask og mannvirkjagerð, sem haft geta í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýrarvist og öðrum vistgerðum er óheimil í friðlandinu. Umferð um og í nálægð við varplönd heiðargæsa er bönnuð á tímabilinu 1. maí til 20. júní. Umhverfisstofnun er heimilt að veita leyfi til umferðar á tímabilinu t.d. vegna nauðsynlegs viðhalds mannvirkja eða rannsókna sem ekki er unnt að sinna á öðrum tíma. Flug neðan 3.000 feta hæðar yfir friðlandinu utan jökuls er óheimilt á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst.

### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að lenda þyrlu á áraurum suðaustan við Arnarfell mikla í tengslum við rannsókn á burnirót sem Umhverfisstofnun veitti leyfi fyrir árið 2021, málsnúmer UST202102-283. Vísindamenn hafa í tvígang reynt að vaða Þjórsá til að komast að rannsóknarstaðnum en þurft frá að hverfa. Þátttakendur í ferðinni eru fjórir og er gert ráð fyrir að vinnan á staðnum taki um tvær klukkustundir. Þyrlan mun fljúga austan við friðlandsmörk og landingarstaður eru áreyrar tæpa tvo km innan friðlandsmarka.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur að umrætt verkefni sbr. lýsingu á því sé ekki líklegt til að rýra verndargildi svæðisins en gæti tímabundið valdið ferðafólki truflun og rofið öræfakýrrð

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Þóru Ellen Þórhallsdóttur fyrir sitt leyti leyfi fyrir lendingu þyrlu innan friðlands í Þjórsárverum vegna vinnu við vísindarannsóknir, sbr. lýsingu hér að ofan, 27. júlí 2023.

Umhverfisstofnun lítur svo á að um sé að ræða hluta af leyfi vegna rannsókna sem stofnunin veitti árið 2021.

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, og um leið afmá öll ummerki verkefnisins.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Þeir sem kom að fluginu skulu ganga snyrtilega um svæðið og forðast allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Umhverfisstofnun skal upplýst um öll frávik sem kunna að verða vegna þyrluflugs s.s. mengunaróhöpp, árekstra við gönguhópa eða annað sem stríðir gegn friðlýsingarskilmálum.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,  
Valdimar Kristjánsson  
*sérfræðingur*

Guðbjörg Gunnarsdóttir  
*sérfræðingur*